

REGLUGERÐ BÍS UM HÆFI LEIÐBEINENDA

Samþykkt á fundi stjórnar BÍS 8. júní 2010.



1. GREIN - SKIPUN STJÓRNENDA

Fræðsluráð skipar stjórnendur námskeiða með skipunarbréfi. Stjórnendur eru skipaðir til stjórnunar á ákveðnum námskeiðum og er tímalengd samkomulag fræðsluráðs og viðkomandi stjórnanda.

2. GREIN - HÆFNI STJÓRNENDA OG LEIÐBEINENDA

Námskeið á vegum fræðsluráðs BÍS eru í tveimur flokkum. Annars vegar foringjanámskeið og hins vegar námskeið um sértæk efni á vegum fastaráða BÍS.

- a) Stjórnandi á foringjanámskeiði skal uppfylla eftirfarandi skilyrði:
 - i. Hafa foringjareynslu innan skátahreyingarinnar.
 - ii. Hafa lokið Gilwell þjálfun, leiðbeinendapjálfun og stjórnendapjálfun eins og hún er skilgreind af fræðsluráði hverju sinni.
 - iii. Hafa fengið jákvæða umsögn á endurmati námskeiða þar sem viðkomandi hefur sinnt leiðbeinendastörfum.
- b) Leiðbeinandi á foringjanámskeiði skal uppfylla eftirfarandi skilyrði:
 - i. Hafa lokið Gilwell námskeiði eða vera orðinn 23 ára.
 - ii. Hafa lokið leiðbeinendapjálfun eins og hún er skilgreind af fræðsluráði hverju sinni.
- c) Stjórnandi og leiðbeinandi á námskeiði um sértæk efni skal uppfylla eftirfarandi skilyrði:
 - i. Hafa sértæka þekkingu á efninu.
 - ii. Hafa stjórnenda og/eða leiðbeinendareynslu.

Fræðsluráð getur metið formlega menntun og leiðbeinenda- og stjórnendareynslu utan skátahreyingarinnar til jafns á við þá þjálfun sem skátahreyingin veitir.

3. GREIN - ÁBYRGÐ STJÓRNENDA

Stjórnendur námskeiða bera ábyrgð á því að námskeið BÍS séu í samræmi við skipunarbréf, námskrár og verklagsreglur fræðsluráðs BÍS eins og þær eru á hverjum tíma.